



Skýrsla formanns Skógræktarfélags Selfoss fyrir árið 2009, lesin á aðalfundi félagsins þann 29. mars 2010 á Snæfoksstöðum.

Starf Skógræktarfélags Selfoss á 57. starfsári var með nokkuð hefðbundnu sniði, en ýmsar nýjar upptökur áttu sér þó stað á árinu. Starfsvettvangur félagsins var sem fyrr Hellisskógur við Ölfusá.

Vöxtur og viðgangur trjáa var mjög gott þetta árið, enda var þetta enn eitt hlýinda sumarið og meðalhiti sumarmánuðina yfir meðallagi. Ársvöxtur flestra tegunda var vel yfir meðalvexti.

Haldnir voru 3 stjórnarfundir á árinu.

Ekki voru sendir voru út greiðsluseðlar til félagsmanna vegna félagsgjalds fyrir árið 2009, en samkvæmt félagaskrá eru 140 skráðir meðlimir í félaginu. Í mars 2010 voru borinn út afsláttarkort Skógræktarfélags Íslands til félagsmanna, með kortinu var borinn út miði þar sem félagsmenn voru hvattir til að leggja 1000 kr. félagsgjald fyrir árið 2010 beint inn á reikning félagsins án milligöngu bankans.

Aðalfundur 2009 var haldinn 7. apríl í Árvökum, húsnaði Skógræktarfélags Árnesinga á Snæfoksstöðum. Ágætis mæting var á fundinn sem bæði var auglýstur í Dagskránni og á heimasíðu félagsins. Á fundinum var boðið uppá skógarsúpu með skógarsveppum úr Grímsnesinu. Að loknum aðalfundarstörfum og súpuáti var farið í skógargöngu með Böðvari Guðmundssyni, framkvæmdastjóra Skf. Árn. um nágrennið.

Umferð um skóginn heldur áfram að aukast með hverju árinu, sem er mikið ánægjuefni fyrir skógræktarfélagið og hvatning til áframhaldandi góðra verka í Hellisskógi. Um er að ræða fólk á göngu sem er að njóta útivistar í skógi, skokkara og hundaeigendur að viðra sig og hundinn. Allt fer þetta ágætlega saman þegar hundaeigendur hafa hunda í bandi og þrifa stykkinn eftir þá. Umferð bíla er einnig talsverð, fólk að skoða sig um og eins að fara í bíltúr upp að Stóra Helli.

Akvegurinn upp með Ölfusánni og upp að gamla skurðarliðinu við Ferjustaðinn, var heflaður af starfsmönnum þjónustumiðastöðvar Árborgar.

Tvö vinnukvöld voru haldin í byrjun júní þar sem félagsmenn mættu og gróðursetu u.þ.b. 1300 plöntur. Vinnukvöldin voru m.a. auglýst á heimasíðu félagsins www.helliskogur.is og var þátttaka félagsmanna ágæt. Gróðursettar voru íbætur í tíu ára gamlar gróðursetningar, fyrir plöntur sem höfðu drepist í jarðvinnsluplægingum fyrir



Frá vinnukvöldi í Hellisskógi

norðan tjörnina, sem er sunnan við Stóra Helli. Plægingar þessar liggja niður að læknum sem rennur á landamerkjum við Laugarbakka. Íbótaplönturnar sem gróðursettar voru höfðu verið geymdar á frysti í gróðrarstöðinni veturinn fyrir gróðursetningu og voru að vakna af vetrardvalanum við gróðursetningu. Borin var áburður á plönturnar við gróðursetningu, eins var borið á eldri gróðursetningar. Að loknum vinnukvöldunum var boðið uppá veitingar frá Guðnabakarí í Stóra Helli.

Tekið var á móti nokkrum hópum af ferðmönnum í skóginum á árinu. Bæði var um að ræða innlenda og erlenda ferðamenn. Tveir hópar af Ítölum komu á vegum ferðaskrisstofu og gróðursettu samtals 160 plöntur og fengu veitingar í Hellinum við góðan orðstír Ítalanna.

Nemendur úr Vallaskóla komu í venjubundna vorgróðursetningarferð í Hellisskóg eins og undanfarinn ár, gróðursetu þau um 500 plöntur á sérstaklega afmarkað svæði vestarlega á svæðinu þar sem nemendur úr skólanum hafa gróðursett undanfarin ár.

Við úthlutun plantna hjá Skógræktarfélagi Árnesinga þetta árið fékk Selfosseildin nokkrar plöntutegundir sem ekki hefur verið plantað mikið af hingað til í skóginum, var þeim plantað hér og þar í Hellisskóg. Einnig keypti félagið og fékk úthlutaðar plöntur annarstaðar frá. Sjá plöntutegundir í töflu 1.

Tegund	Aldur	Bakkastærð	Framl. /kvæmi	Fjöldi
Sitkagreni Seward	1/0	Fp35	Kvistar	1000
Birki Bæjarstaður		fp40	Hvammur	120
Knappareynir		fp35	Hvammur	35
Gráeinir		Fp35	Hvammur	35
Gráelri		Fp35	Hvammur	70
Sitkagreni		Fp40		160
Birki		Fp40	Yrkjusjóður	500
Samtals				1920

Tafla 1 sýnir plöntur 2009.

Þegar allt er talið, voru settar niður um 1920 plöntur í Hellisskógi árið 2009.

Þau hnaustré sem stunginn voru upp í Hellisskógi og flutt inn í sveitarfélagið árið 2008 virðast flest spjara sig vel þó að vöxtur þeirra sé ekki mikill ennþá en gera má ráð fyrir að hann aukist stig af stígi á næstu árum.

Í lok maí var stungið upp ca. 3 metra hátt sitkagreni hnaustré undan háspennulínunni við Ferjustaðinn. Tréð var flutt á grassvæði vestan við aðalinngang inn í verslun Byko.

Skipt var út nokkrum af þeim gömlum og lélegum trébrúm sem urðu eftir árið 2008. Brýrnar hafa fúnað með tímanum og orðnar hættulegar.

Í vor gerðar lagfæringar í Hellinum, löguð voru þau sæti sem eru meðfram veggjum hellisins og hafa verið að ganga út sér á síðustu árum. Verkið var unnið af starfsfólki Umhverfiseildar Árborgar.

Umhirða á trjágróðri í Hellisskógi var allnokkur þetta árið. Grisjað var í þéttum trjápyrpingum til að gefa þeim trjám sem eftir standa meira rími. Farið var með göngustígum og sagað frá þeim tré og greinar sem að hindra umferð gangandi fólks. Verkið var unnið með trjáklippum og keðjusög.

Lagður var nýr malarvegur að girðingunni í Hellisskógi. Vegurinn var lagður af Biskupstungnabraut og er austan við gömlu Hellisbrúnna. Girðing var opnuð inn á svæðið fyrir komandi



framkvæmdir. Ætlunin er að halda áfram með veginn inní skóginn þar sem útbúið yrði bílaplan fyrir ferðamenn. Var sveitarfélaginu Árborg boðið að stinga upp þau tré sem að í fyrirhuguðum vegi. Í staðin fyrir trén var farið fram á að sveitarfélagið myndi leggja veg inn svæðið og bílastæði. Ekki sá sveitarfélagið ástæðu til að ganga að þessu höfðinglega tilboði skógræktarfélagsins, þannig að gera má ráð fyrir að leitað verði annarra leiða við að selja plönturnar og bera í vegspottann til að bæta aðgengi fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Á haustdögum 2009 fékk félagið skiltagerðina Fagform á Selfossi til að prenta út og setja upp veglegt skilti af Hellisskógi. Skiltið er staðsett rétt innan við hliðið við akstursleiðina upp með ánni. Á skiltinu er að finna yfirlitslitmynd af svæðinu með gönguleiðum og akvegum. Einnig er að finna texta um Skógræktarfélagið og þá ræktum sem hefur farið fram í Hellisskógi.



Nýja skiltið í Hellisskógi

Í byrjun janúar sl. var auglýst að lögð hefði verið fram frummatsskýrsla um lagningu á nýjum þjóðvegi nr. 1 frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss. Gera skyldi athugasemdir fyrir 29. janúar ef einhverjar væru. Það sem vakti undrun var að kynnt var ný veglína, leið 2 í gegnum hluta af Hellisskógi og nýtt brúarstæði. Leið 2 fer í gegnum stóran hluta af plöntuðum skógi og á nýja brúarstæði að vera við gamla ferjustæðið. Ekki sáu skýrsluhöfundar ástæðu til að geta þess skógar sem er að finna á staðnum, né að fjalla um hvort að einhverjar endurbætur myndu verða framkvæmdar fyrir land sem skertist. Ákveðið var að gera athugasemdir við skýrsluna og voru Lögmenn á Suðurlandi fengnir til að yfirfara þann texta sem stjórn félagsins gerði og senda inn athugasemd til Skipulagsstofnunar fyrir hönd stjórnar.

Snemma vorið 2009 var sett upp myndlistasýningin "Ferjustaðir" í Hellisskógi. Megintilgangur sýningarinnar var að gefa almenningi kost á að upplifa nútímalist í sunnlensku umhverfi, tókst sýningin með miklum ágætum. Þar sýndu ellefu listamenn 10 listaverk. Átti sýningin að standa til 31. ágúst,

en var framlengd til 30. september vegna fjölda áskoranna. Tveir listamenn fóru fram á að fá að hafa listaverkin áfram í vetur til að sjá verkin sín að vetrarlagi og var það auðsótt. Farnar voru vel sóttar göngur um Hellisskóg í tengslum við sýninguna þar sem aðstandendur sýningarinnar og skógræktarfélagins leiddu gönguna.



Kort og uppl. um sýninguna Ferjustaðir.

Í haust setti félagið sig í samband við Þór Sigurmundsson garðyrjufræðing og steinsmið og bað hann að gera hugmynd af minnismerki um Júlíus Steingrímsson. Í mars sendi Þór félaginu hugmynd sína til kynningar á stjórnarfund félagsins, voru stjórnarmenn sammála um að verkið sé veglegt og hæfi vel minningu um Júlíus. Hafa þeir fjármunir sem að hann hefur látið renna til félagsins verið hornsteinn af hluta af þeim framkvæmdum sem fram hafa farið í Hellisskógi. Fjármagn frá honum á eftir að auðvelda félaginu gífurlega við þær framkvæmdir sem ráðist verður í á vegum félagsins. Stjórnin samþykkti verkið og ákvað að vísa lokasamþykki um verkið til aðalfundar félagsins. Verður hugmyndin af minnismerkinu kynnt hér á eftir.

Félagið hefur í samvinnu við Skógræktarfélag Árnesinga, hafið undirbúning að móttöku sem haldinn verður í Hellisskógi fyrir fulltrúa af aðalfundi Skógræktarfélags Íslands sem haldinn verður á Selfossi í lok ágúst 2010. Gert er ráð fyrir þriggja tíma prógrammi sem félagið sér um á laugardeginum.

Um miðjan mars áttu formaður og ritari félagsins fund með Bæjarstjóra og Bæjarritara um málefni félagsins í Hellisskógi. Lögðu félagsmenn áherslu á að Sveitarfélagið Árborg klári að gera umsjónasamning við skógræktarfélagið. Voru fulltrúar sveitarfélagsins sammála um að klára samninginn fyrir kosningar.

Á komandi árum verða eins og undanfarinn ár vegagerð, stígagerð, uppbygging á aðstöðu og umhirða skógarins þau verkefni sem verða hvað mest aðkallandi til að bæta aðgengi og ásýnd Hellisskógar.

Núverandi stjórn þakkar félögum, styrktaraðilum og öðrum hlutaðeigandi samstarfið á liðnu ári og vonar að komandi starfsár verði félaginu heilladrjúgt í skógræktarstarfinu.

Fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Selfoss,
Björgvin Örn Eggertsson², formaður

Aðrir í stjórn eru: Snorri Sigurfinnsson¹ ritari, Örn Óskarsson¹ gjaldkeri, Hermann Ólafsson² og Ólafur H. Guðmundsson¹ varamenn.

¹ Tákn um þá sem eiga að sitja áfram í stjórn. ² Tákn um þá sem eiga að ganga úr stjórn.



Eitt af listaverkum á sýningunni Ferjustaðir